



## 1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt samþykkt um búfjárhald í þéttbýli í Sveitarféluginu Skagafirði nr. 1264/2015. Henni er ætlað að standa undir kostnaði sem hlýst af handsömun, fóðrun og hýsingu lausagöngubúfjár ásamt útgáfu og eftirliti með búfjárleyfum.

## 2. gr.

Fyrir útgáfu búfjárleyfis skal greiða 10.000 kr.

Handsömunargjald skv. 8. gr. samþykktar um búfjárhald í þéttbýli í Sveitarféluginu Skagafirði nr. 1264/2015, skal vera 10.000 kr. Að auki skal greiða þann kostnað, sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi búfénaðs.

Handsömunargjald skal greiða við afhendingu búfjárins.

## 3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 9. desember 2015 með tilvísun til heimilda í samþykkt um búfjárhald í þéttbýli í Sveitarféluginu Skagafirði nr. 1264/2015 og 24. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra og tekur nú þegar gildi.

Sauðárkróki, 11. janúar 2016

Ásta Pálmadóttir  
sveitarstjóri